

Svör frá stjórnmalaflokkum. Spurning 3.

Í ljósi þess að öll þjónusta á að vera til staðar í skóla án aðgreiningar, er mikilvægt að þar sé nóg af vel menntuðu starfsfólki til að mæta margbreytilegum þörfum allra nemenda (t.d. grunnskólakennarar, sérkennarar, talmeinafræðingar, náms- og starfsráðgjafar, þroskaþjálfar). Hvaða leiðir sér þinn flokkur í að fjölga fagmenntuðum innan hvers skóla?

Punktur úr svörum framboðanna. Öll svörin má finna á samfok.is

- A – Björt framtíð vill ná þjóðarsátt um laun kennara og starfsfólk í skólum og framtíðarsýn í menntamálum þjóðarinnar. Þau vilja styrkja rekstur HÍ og kennaranámið og þau vilja að kennaranemar fái kennslu um sérþarfir nemenda. Þau vilja líka víðtækt samráð milli heilbrigðiskerfis, félagsþjónustu og skólanna og tryggja þannig aðgang að fagmenntuðu fólki.
 - B – Framsókn vill skoða vel inntak kennaranámsins, starfsvettvang og kjör vegna þess hve mikið hefur dregið úr nemendafjölda í náminu. Þau vilja bjóða upp á fjölbreyttar leiðir í kennaramenntun. Með hreyfanlegu og margbreytilegu skólaumhverfi vilja þau laða að hæfa og áhugasama kennara sem hafa kost á öflugri sí- og endurmenntun sem tekur mið af skóla án aðgreiningar.
 - C – Viðreisn vill leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna sem bitnar á getu þeirra til að mæta þörfum skólanna. Þau vilja m.a. auka tekjur hins opinbera af náttúruauðlindum og byggja upp kjarnastarfsemi.
 - D – Sjálfstæðisflokkurinn leggur megin áherslu á að laun kennara og annarra fagstétta eigi að endurspegla mikilvægi þeirra og laða að hæfileikaríkt fólk til starfa.
 - P – Píratar vilja fjárhagslega sjálfstæð sveitarfélög svo þau geti staðið undir grunnþjónustu sem þeim ber skylda til.
 - R – Alþýðufylkingin vill hækka laun þessara stétta.
 - S – Samfylkingin vill auka virðingu fyrir kennurum og starfsfólki skólanna og bæta starfsumhverfi þeirra. Þau vilja einnig auka nýliðun í kennarastéttinni og efla kennaramenntun. Þau vilja að kjör starfsfólks séu samkeppnishæf við laun háskólamenntaðra stétta með sambærilegar menntun. Skoða á hvata eins og ívilnun í gegnum námslána- eða skattkerfið.
 - T – Dögun vill gera menntunina aðlaðandi og eftirsóttá með launum og möguleikum til endurmenntunar. Þau vilja skoða t.d. að fella niður hluta námslána eftir x tíma starf í greininni.
 - V – Vinstri græn segja að sveitarfélögin verði að fá aukið fjármagn til reksturs grunnskólanna.
-

SAMFOK, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, ADHD samtökin, Einhverfusamtökin, Sjónarhóll, Olnbogabörn, Umboðsmaður barna, Heimili og skóli – Landssamtök foreldra, Landssamtökin Þroskahjálpi, Umhyggja – félag langveikra barna, UNICEF á Íslandi, Foreldraráð Hafnarfjarðar, Málefli, Tourette-samtökin.